

# Rafræn staðgreiðsla

## Rafræn skattskil

Nú er hægt að skila staðgreiðslu opinberra gjalda og staðgreiðslu tryggingagjalds o.fl. með rafrænum hætti.

Íslendingar hafa frá upphafi tekið vel í rafræn skattskil og er nú svo komið að meirihluti allra skattframtala einstaklinga og lögaðila berst á rafrænu formi. Vel hefur einnig tekist til við rafræn skil virðisaukaskatts.

Rafræn skil gera staðgreiðslu einfaldari, þægilega og örugga.

## Hvað er rafræn staðgreiðsla?

Með rafrænni staðgreiðslu er launagreiðendum boðið upp á að skila skilagrein og sundurliðun rafrænt til skattyfirvalda. Þegar rafræn sundurliðun og skilagrein berst ríkisskattstjóra er krafa send til Reiknistofu bankanna. Launagreiðandi getur síðan greitt kröfuna í vefbanka eða í gegnum beinlínutengingu við banka. Sem fyrr er hægt að skila pappírsskýrslum, svo og sundurliðunum á diskettum eða í tölvupósti. Það er von ríkisskattstjóra að sem flestir velji hinn rafræna skilamáta.

## Tvær leiðir rafrænnar staðgreiðslu

Launagreiðendur geta valið um tvær leiðir til að skila skilagrein og sundurliðun með rafrænum hætti, vefleiðina eða skeytaleiðina. Skeytaleiðin er sniðin að þörfum launagreiðenda sem nota launakerfi sem geta sent skattyfirvöldum XML-skeyti sem inniheldur skilagrein og sundurliðun. Vefleiðin hins vegar er ætluð launagreiðendum sem hafa 30 eða færri launamenn í þjónustu sinni og ekki eru með launakerfi sem geta sent skattyfirvöldum XML-skeyti.

## Öryggi

Gætt er ítrasta öryggis. Vefskil á rsk.is fara fram í gegnum 128 bita öryggislykil með SSL (Secure Socket Layer) tengingu sem er útbreiddasta öryggistenging sem notuð er við samskipti í gegnum vefsíður á internetinu í dag og almennt notuð í bankaviðskiptum.

Með þessu móti er gagnaflutningurinn dulritaður.

## Kostir rafrænnar staðgreiðslu

Rafræn staðgreiðsla gerir skil á staðgreiðslu þægilegri og einfaldari en skil á pappír. Launagreiðendur geta skilað og greitt staðgreiðslu opinberra gjalda í tölvunni sinni og þurfa ekki að fara til innheimtumanns, í banka, sparisjóð eða á pósthús til að skila staðgreiðslu.

Skilin verða réttari þar sem skilagrein verður til í framhaldi af sundurliðun en skilagrein og sundurliðun er oft skilað hvorri í sínu lagi sem eykur líkurnar á að mistök verði.

## Rafræn samskipti - nánasta framtíð


Gert er ráð fyrir því að samskipti við notendur vefskila verði að mestu með rafrænum hætti. Notendur fá þannig upplýsingar sendar með rafrænum hætti, t.d. orðsendingar til launagreiðenda og áminningar um næsta gjalddaga staðgreiðslu.

Þeir sem skila með rafrænum hætti fá ekki senda skilagrein og sundurliðun á pappír.

Í nánustu framtíð er stefnt að því að auka þjónustu við notendur vefskila eins og kostur er. Notendum verður m.a. gert kleift að skoða sundurliðanir sem skilað hefur verið með rafrænum hætti.

## Vefskil staðgreiðslu

Vefskilum staðgreiðslu er ætlað að þjóna þörfum launagreiðenda sem hafa í þjónustu sinni 30 menn eða færri og ekki nota launakerfi sem geta skilað staðgreiðslu með XML-skeyti



- 1) Á upplýsingavef ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is), er að finna rafræn skil staðgreiðslu opinberra gjalda.
- 2) Í fyrsta sinn sem launagreiðandi fer í rafræn skil staðgreiðslu sækir hann um veflykil. Veflykli er úthlutað á vefnum sem í fyrstu er óvirkur. Veflykill er gerður virkur þegar undirrituð umsókn um rafræn skil staðgreiðslu hefur borist ríkisskattstjóra á pappír. Eftir að veflykill hefur verið gerður virkur er launagreiðandi ekkert að vanbúnaði að skila staðgreiðslu með rafrænum hætti.
- 3) Launagreiðandi opnar vefskil staðgreiðslu og finnur þar sundurliðun sem hann fyllir út eins og vant er. Á sundurliðun hafa verið forskráðar upplýsingar eins og verið hefur á pappír.
- 4) Þegar sundurliðun hefur verið fyllt út verður til skilagrein sem byggir á upplýsingum sem fram koma á sundurliðun.

- 5) Sundurliðun og skilagrein er skilað með rafrænum hætti til skattýfirvalda.
- 6) Krafa er send til Reiknistofu bankanna og hægt að greiða hana í vefbanka. Einnig er hægt að greiða staðgreiðslu með A-gír óða hjá innheimtumanni.
- 7) Launagreiðendur geta eins og áður greitt staðgreiðslu í gegnum beinlínutengingu.


Nánar er fjallað um greiðsluna á baksíðu.

Í vefskilum staðgreiðslu er hægt að vista sundurliðun ef ekki gefst tími til að klára skilin. Einnig er hægt að skoða skilagreinar sem skilað hefur verið með rafrænum hætti. Síðar verður einnig hægt að skoða sundurliðanir sem skilað hefur verið með rafrænum hætti.

Nánar er fjallað um vefskil staðgreiðslu á upplýsingavef ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is), en þar er m.a. að finna sýningarvef rafrænnar staðgreiðslu.

## Skeytaskil staðgreiðslu

Skeytaskilum staðgreiðslu er ætlað að þjóna þörfum launagreiðenda sem nota launakerfi sem geta skilað staðgreiðslu, þ.e. sundurliðun og skilagrein, með XML-skeyti.



- 1) Það sama gildir um skeytaskil og vefskil að sækja þarf um veflykil á upplýsingavef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is). (Sjá vefskil - lið 2).
- 2) Launakerfi launagreiðanda þarf að geta búið til XML-skjal sem inniheldur sundurliðun og skilagrein. Skjalið þarf að uppfylla kröfur sem ríkisskattstjóri setur um skeytaskil staðgreiðslu.
- 3) XML-skjalið er sent inn á öruggt vefsvæði á [rsk.is](http://rsk.is).
- 4) Þegar sundurliðun og skilagrein hafa borist skattyfirvöldum er krafa send til Reiknistofu bankanna. Hægt er að greiða kröfuna í vefbanka en einnig er hægt að greiða staðgreiðslu með A-gíró eða beint hjá innheimtumannni.

- 5) Launagreiðendur geta eins og áður greitt staðgreiðslu í gegnum beinlínutengingu.

Nánar er fjallað um greiðsluna á baksíðu.

- 6) Sá sem notar skeytaskil staðgreiðslu getur farið inn í vefskil staðgreiðslu og skoðað skilagreinar sem skilað hefur verið með rafrænum hætti. Síðar verður einnig hægt að skoða sundurliðanir sem skilað hefur verið með rafrænum hætti.

## Greiðsla

### Fullnaðarskil staðgreiðslu

Launagreiðandi hefur staðið fullnaðarskil á staðgreiðslu opinberra gjalda og staðgreiðslu tryggingagjalds o.fl. Þegar hann hefur skilað sundurliðun og skilagrein til skattyfirvalda og greiðslu til innheimtumanns ríkissjóðs.

### Hvernig er hægt að greiða staðgreiðslu?

Hægt hefur verið að greiða staðgreiðslu með gíróseðli (skilagrein) hjá innheimtumanni, í útibúum banka og sparisjóða svo og á pósthúsum. Einnig geta launagreiðendur greitt staðgreiðslu í gegnum beinlínutengingu við banka.

Rafræn skil staðgreiðslu eru viðbót við núverandi skilamáta. Núverandi skila- og greiðslumáttar verða áfram til staðar en til viðbótar er hægt að greiða staðgreiðslukröfu, sem send er samhliða skilum til Reiknistofu bankanna, í vefbanka. Ef ekki tekst að stofna kröfu í banka fær launagreiðandi upplýsingar um OCR-greiðslurönd, sem hægt er að slá inn í A-gíró í vefbanka. Launagreiðandi með beinlínutengingu við banka getur greitt staðgreiðslu eins og verið hefur.

### Hvernig finnur launagreiðandi staðgreiðslukröfu í vefbanka?

Hér á eftir er í örstuttu máli farið yfir hvernig finna á staðgreiðslukröfuna í vefbanka en hana er að finna á sama stað og kröfu vegna virðisauka-skatts.

Í Heimilisbanka Búnaðarbankans er kröfuna að finna á forsiðu sem „Netgíró“ nema að notandi hafi breytt stillingum.

Í Netbanka Íslandsbanka er kröfuna að finna undir „Bankaviðskipti“ þar eru valin „Viðskipti“ og svo „Netgreiðslur“. Þar er valið að „Sækja“.

Í Einkabanka Landsbankans er staðgreiðslukröfuna að finna undir „Kröfur“ í „Aðgerðum“ í veftré vinstra megin ofarlega á forsiðu.

Í Heimabanka sparisjóðanna ([www.spar.is](http://www.spar.is)), Netbankanum ([www.nb.is](http://www.nb.is)) og S24 ([www.s24.is](http://www.s24.is)) er kröfuna að finna undir „Greiðslur“ á upphafs-síðu og þar eru valdir „Ógreiddir reikningar“.

### Hve lengi lifir krafan í vefbanka?

Staðgreiðslukröfu er að finna í vefbanka til og með eindaga staðgreiðslu. Sé krafa stofnuð eftir eindaga og fram að mánaðarmótum er hana einungis að finna í vefbanka á stofndegi. Eftir það þarf launagreiðandi að greiða A-gíró, eða að fara til innheimtumanns, og gera ráð fyrir álagi og dráttarvöxtum.

**Það er von ríkisskattstjóra að sem flestir velji að skila staðgreiðslu með rafrænum hætti.**

**Rafræn skil á staðgreiðslu eru einfaldari, þægilegri og öruggari en eldri skilamáttar.**